

# Ungt fólk, samfélagið og verkalýðshreyfingin



Alþýðusamband Íslands

<b>Stefna Alþýðusambands Íslands í málefnum ungs fólks .....</b>	<b>2</b>
<b>Vinna og einkalíf.....</b>	<b>4</b>
Sveigjanlegur vinnutími .....	4
Jöfn tækifæri .....	5
Fæðingar- og foreldraorlof.....	5
<b>Menntun .....</b>	<b>7</b>
Grunnmenntun.....	7
Framhalds- og háskólamenntun.....	7
Annað tækifæri til náms.....	8
Símenntun .....	8
Fjölpjódlegt samstarf.....	9
<b>Velferð fyrir alla .....</b>	<b>10</b>
Húsnæðismál.....	10
Húsaleigu og vaxtabótakerfið.....	11
Fyrstu kaup .....	12
Skattamál.....	13
Heilbrigðismál.....	13
Málefni barna og ungmenna.....	14
<b>Kaup og kjör .....</b>	<b>16</b>
Réttindi ungs fólks í lífeyrissjóðum .....	16
Veikindaréttur ungs fólk.....	20
Slysaréttur ungs fólks .....	21
<b>Vinumarkaðs- og atvinnumál.....</b>	<b>23</b>
Lífið í vinnunni .....	23
Vinnuumhverfið og skipulag vinnunnar .....	24
Samskipti á vinnustað - samfélagið á vinnustað: .....	25
Atvinnumál .....	25
Kerfi sem virkar .....	26
Gamalt og gott.....	26
Nýtt og spennandi .....	26
<b>Horft inn á við .....</b>	<b>28</b>
<b>Áherslur og verkefni .....</b>	<b>29</b>
<b>Vinna og einkalíf.....</b>	<b>31</b>
<b>Menntun .....</b>	<b>33</b>
<b>Velferð fyrir alla .....</b>	<b>35</b>
<b>Kaup og kjör .....</b>	<b>37</b>
<b>Vinumarkaðs- og atvinnumál.....</b>	<b>38</b>
<b>Horft inn á við .....</b>	<b>40</b>

# Stefna Alþýðusambands Íslands í málefnum ungs fólks



Alþýðusamband Íslands

Alþýðusamband Íslands hefur frá upphafi barist fyrir bættum lífskjörum allra landsmanna, jöfnum rétti og sömu launum fyrir jafn verðmæt störf. Gerð er sú krafa til velferðarsamfélagsins að allir hafi jafnan rétt, óháð kyni, aldri, búsetu og þjóðerni. Markmið velferðarsamfélagsins eru aukin lífsgæði einstaklinganna. ASÍ vill stuðla að öfluggu, alþjóðlegu og samkeppnishæfu atvinnulífi þar sem hver einstaklingur hefur fjölbætta möguleika til aukinnar verðmætasköpunar. Með því móti skapast auðugur jarðvegur fyrir komandi kynslóðir.

ASÍ beinir nú sjónum sínum sérstaklega að stöðu og hlutverki ungs fólks í samfélaginu og á vinnumarkaði. Það er mikilvægt fyrir vinnumarkaðinn og samfélagið allt að sú framtíð sem bíður ungs fólks sé björt og aðgengi að þeim samfélagslegu gæðum sem verklyðshreyfingin hefur barist fyrir frá upphafi, eins og menntun, húsnæði og heilbrigðis- og velferðarþjónustu, sé öllum tryggt. Nýta verður velferðarkerfið í heild sinni til þess að jafna kjörin á milli kynslóða og létta þunga framfærslubyrði ungra fjölskyldna. Ungu fólki bjóðast í dag fjölbreyttari tækifæri en nokkru sinni fyrr. Það er hlutverk samfélagsins að búa alla undir að geta nýtt sér þessi tækifæri. Þátttaka beggja kynja er mikil á vinnumarkaði og í flestum fjölskyldum eru bæði konur og karlar starfandi utan heimilis. Þetta er sá raunveruleiki sem ungt fólk gengur út frá þegar það fer út á vinnumarkaðinn og þegar það stofnar heimili. Atvinnuþátttaka kvenna er hvergi meiri en hér á landi og konur sækja sífelld meira í aukna menntun og fjölbreyttari störf. Þessar staðreyndir hafa mikla efnahagslega þýðingu fyrir samfélagið allt og eiga stóran þátt í þeirri hagsæld sem hér ríkir en þetta fyrirkomulag kallar líka á breytta verkaskiptingu kynjanna og nýjar leiðir til þess að samræma vinnu og fjölskyldulíf. Þessu kalli verður vinnumarkaðurinn að svara eigi jafnrétti kynjanna að ná fram að ganga og þar hefur verkalýðshreyfingin mikilvægu hlutverki að gegna. Framtíð verkalýðshreyfingarinnar byggir á því að ungt fólk taki þátt í starfi hennar og stefnumótun. Þess vegna er nauðsynlegt að hreyfingin hlusti á raddir nýrra kynslóða og lagi sig að þörfum þeirra og kröfum. Þegar Alþýðusambandið kannaði nýverið hug ungs fólks til verkalýðshreyfingarinnar mátti með ótvíræðum hætti sjá að ungt fólk er upp til hópa jákvætt í garð hreyfingarinnar og telur starf hennar mikilvægt. Þessar niðurstöður eru samhljóma fyrri skoðanakönnunum á viðhorfi ungs fólks til hreyfingarinnar. Það er því full ástæða fyrir verkalýðshreyfinguna að horfa björtum augum til framtíðar og þeirra verkefna sem bíða hennar og nýrra kynslóða félagsmanna.

## Vinna og einkalíf

Ungt fólk sem er að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði gerir aðrar kröfur til lífsgæða en þær kynslóðir sem eldri eru. Stór hluti ungs fólks telur mjög mikilvægt að því sé gert kleift að skapa jafnvægi milli vinnu og einkalífs og að eiga innihaldsríkt líf utan vinnustaðarins. Þegar ungt fólk stofnar til fjölskyldu verður þetta jafnvægi enn þýðingarmeira.

Með löggjöf og kjarasamningum um rétt launafólks til orlofs, veikinda- og slysaréttar, fæðingar- og foreldraorlofs, hvíldartíma, hámarksvinnutíma o.fl. hafa verið stigin mikilvæg skref sem eiga að auðvelda launafólki að samræma atvinnuþátttöku sína og einkalíf. Auka þarf möguleika launafólks til sveigjanlegs vinnutíma, þannig að það geti betur samræmt vinnu, einkalíf og fjölskyldulíf. Kjarasamningar eru helsta leið stéttarfélaganna til þess að hafa áhrif á aðstöðu allra á vinnumarkaði og því er mikilvægt að ASÍ fylgi eftir þeim árangri sem náðst hefur í kjarasamningum undanfarinna ára.

## Sveigjanlegur vinnutími

Sveigjanlegur vinnutími gefur starfsmönnum tækifæri á að velja innan skilgreindra marka hvenær þeir byrja og ljúka vinnudeginum. Þeir geta unnið skemur eða lengur og jafnað vinnutíma innan uppgjörstímabils, t.d. mánaðar og hafa jafnvel tækifæri til að taka yfirvinnu út í fríi. Möguleiki til fjarvinnu getur einnig verið hluti af fjölskylduvænni vinnumenningu fyrirtækja. Sveigjanlegur vinnutími gerir starfsmönnum, sérstaklega barnafólki, kleift að samhæfa vinnu og einkalíf fyrirtækinu til hagsbóta og starfsmönnum til aukinna lífsgæða. Þegar vel tekst til við að flétta þetta tvennt saman skapast jafnvægi sem tryggir betur lífsgæði fyrir alla.

Fjölskylduvæn vinnumenning getur skipt alla starfsmenn máli einhvern tíma á starfsferlinum, hvort sem þeir eru stjórnendur eða almennir starfsmenn, einhleypir eða fjölskyldufólk. Reynslan sýnir að jafnvel þótt lítill hluti starfsfólks notfæri sér á hverjum tíma tiltekna valkosti um sveigjanleika þá hefur það jákvæð áhrif á viðhorf þess til vinnustaðarins að vita að þeir hafa valið ef þeir kynnu að þurfa á því að halda síðar.

Alþýðusambandið telur mikilvægt að foreldrum sér sköpuð skilyrði til að samræma atvinnuþátttöku, einkalíf og fjölskylduábyrgð með styttri vinnutíma og áherslu á fjölskylduvæna vinnumenningu.

## Jöfn tækifæri

Konur og karlar eiga jafna möguleika til að mennta sig og efla á ýmsan hátt. Meirihluti hjóna og sambúðarfólks starfar utan heimilis. Forsenda þess að konur og karlar geti tekið jafnan þátt í launavinnu og starfsþróun sem og öðrum störfum utan heimilisins er að þau skipti með sér ábyrgð á heimilishaldinu, bæði heimilisverkum og umönnun barna. Kannanir sýna að meðal ungs fjölskyldufólks skilar karlinn lengri vinnudegi utan heimilis á meðan konan skilar fleiri tímum í ólaunaðri vinnu innan heimilisins. Með því að auðvelda ungu fólki að samræma starfsskyldur og skyldur gagnvart fjölskyldu og stuðla þannig að jafnri foreldraábyrgð er um leið áfanga náð í baráttunni gegn kynbundnum launamun. Jafnréttismál eru ofarlega í huga ungs fólks yfir mikilvæg verkefni verkalýðshreyfingarinnar. Í könnun á viðhorfi ungs fólks til samfélagsins og verkalýðshreyfingarinnar sem Félagsvísindastofnun HÍ vann fyrir ASÍ nýverið töldu 12% svarenda að ASÍ ætti að leggja mesta áherslu á jafnrétti kynjanna í starfi sínu en einungis launamál voru oftast nefnd í því samhengi. Þegar fjallað er um laun og launamyndun ungs fólks er nauðsynlegt að hafa í huga staðreyndir um laun, launajafnrétti og mat á störfum. Alþýðusambandið leggur ríka áherslu á að jafnréttissjónarmið séu samþætt inn í markmiðssetningu og ákvarðanatöku á öllum sviðum velferðarsamfélagsins.

## Fæðingar- og foreldraorlof

Lengja þarf fæðingarorlofið í 12 mánuði og endurskoða viðmiðunartímabil við útreikning fæðingarorlofs þannig að greiðslur úr sjóðnum endurspegli sem best raunverulegar tekjur. Sérstaklega þarf í þessum efnum að huga að þeim hópi nýverið hefur lokið námi og hafið störf á vinnumarkaði. Þá er brýnt að tryggja að foreldrar á almennum vinnumarkaði fái greitt orlof í fæðingarorlofi. Foreldrar í aðildarfélögum ASÍ fá ekki greidd orlofslaun vegna þess tíma sem þeir eru í fæðingarorlofi og njóta greiðslna úr fæðingarorlofssjóði. Fæðingarorlof á almenna vinnumarkaðinum er því í reynd styttra en þeirra sem starfa hjá hinu opinbera, en þar greiðir atvinnurekandi orlofslaun í fæðingarorlofi. Aðgengi að dagvistun er mikilvægt jafnréttismál og tryggja þarf foreldrum örugga dagvistunar fyrir börn sín frá því að fæðingarorlofi lýkur. Hugsa þarf sérstaklega að dagvistun fyrir börn á aldrinum 9-18 mánaða sem nú er af skornum skammti og mjög kostnaðarsöm fyrir foreldra. Bæta þarf réttindi foreldra á vinnumarkaði vegna veikinda

barna. Fjölga þarf dögum sem foreldrar geta verið frá vinnu til að sinna veikum börnum sínum og endurskoða aldursmörk. Einkum þarf að huga að réttindum foreldra langveikra barna og leggja sérstaka áherslu á vernd þeirra gagnvart uppsögnum. Vinna þarf að því að foreldraorlof verði raunverulegur kostur við að samræma atvinnuþátttöku og fjölskylduábyrgð. Foreldraorlof veitir foreldrum barna 8 ára og yngri rétt til 13 vikna orlofs til að annast börn sín en orlofið er ólaunað og því ekki raunhæfur kostur fyrir marga foreldra.

Alþýðusambandið leggur áherslu á að fæðingarorlofið verði lengt, viðmiðunartímabil greiðslna endurskoðað og að öllum börnum sé tryggt aðgengi að góðri dagvistun frá því að fæðingarorlofi lýkur.

## Menntun

Þróttmikið og framsækið menntastarf er ein af grunnstoðum velferðarsamfélagsins. Markmiðið á að vera að öllu ungu fólki séu sköpuð skilyrði til góðrar menntunar sem undirbýr það til þátttöku í samfélaginu og á vinnumarkaði. Þetta þarf að gera með traustri og góðri grunn- og framhaldsmenntun og virkri sí- og endurmenntun. Öflug og markviss menntastefna er þannig helsti lykillinn að framsæknu og samkeppnishæfu atvinnulífi sem tryggir næga atvinnu, góð störf og félagslegan jöfnuð.

Það er samfélaginu mikilvægt að nýta allan þann mannauð sem býr í ungu fólki. Því er mikilvægt að ungt fólk sem ekki hefur fengið næga grunnmenntun fái annað tækifæri til náms sem eflir það og styrkir og opnar nýjar gáttir til aukinna lífsgæða.

## Grunnmenntun

Öllum börnum og ungmennum á að tryggja góða grunnmenntun í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum sem kostaðir eru úr sameiginlegum sjóðum samfélagsins. Leggja þarf áherslu á að sem flest ungmenni ljúki námi úr framhaldsskóla og draga eins og kostur er úr brottfalli nemanda á því skólastigi. Huga þarf sérstaklega að því að ungt fólk af erlendum uppruna hafi raunhæfa möguleika til menntunar á framhaldsskólastigi. Nýlega voru samþykkt ný lög um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla sem fela m.a. í sér breytingar á heildarskipulagi framhaldsskólans þar sem hann verður ein heild án aðgreiningar bóknáms- og verknámsgreina. Einnig gera lögin ráð fyrir að einingar í starfsnámi verði viðurkenndar til jafns við einingar í bóknámi við mat á menntun. Þetta er mikilsvert hagsmunamál fyrir ungt fólk sem er til þess fallið að auka veg og virðingu starfsnáms á framhaldsskólastigi.

Alþýðusambandið leggur áherslu á að markmiðum nýrra laga um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla verði hrint í framkvæmd.

## Framhalds- og háskólamenntun

Þekkingarsamfélagið kallar á stöðugt meiri og fjölbreyttari menntun. Til að svo megi verða er nauðsynlegt að auka fjölbreytni í háskólanámi með sérstaka áherslu á verk- og tæknimenntun af ýmsum toga. Nauðsynlegt er að viðurkenna rétt þeirra sem hafa aflað sér þekkingar og reynslu



með verklegu námi, óformlegu námi og með starfsreynslu af ýmsum toga og greiða leið þeirra til náms á framhalds- og háskólastigi. Þannig má tryggja að fleiri ljúki námi á framhalds- og háskólastigi með breiðari og fjölbreyttari menntun en nú er raunin.

## Annað tækifæri til náms

Fjöldi ungs fólks á vinnumarkaði hefur ekki næga grunnmenntun og á því erfitt með takast á við breytingar á og nýta sér nýja möguleika í atvinnulífinu. Skortur er á námsleiðum og sértækum úrræðum í menntakerfinu sem m.a. lýsir sér miklu brottfalli úr skólakerfinu. Þetta veldur því að mikilvægur mannauður er vannýttur á vinnumarkaði sem er sóun fyrir samfélagið. Það er skylda samfélagsins að tryggja að þeir sem þess þurfa fái annað tækifæri til að afla sér grunnmenntunar. Annað tækifæri til náms er eitt stærsta verkefni sem Íslendingar þurfa að takast á við á næstu árum og er um leið mikilvægt framlag til aukins jafnréttis og jafnaðar í samfélaginu. Öflugt kerfi við mat á raunfærni, markviss ráðgjöf og framboð á góðri menntun við hæfi, eru mikilvæg í þessum efnum. Mikilvæg forsenda fyrir ungt fólk á vinnumarkaði sem vill hverfa aftur í nám er að því verði gert það fjárhagslega mögulegt. Það kallar á endurskoðun og aukinn sveigjanleika námslánakerfisins.

Alþýðusambandið leggur á það ríka áherslu að sett verði lög um fullorðinsfræðslu með áherslu á annað tækifæri til náms.

## Símenntun

Nýsköpun í atvinnulífinu og örar tæknibreytingar kalla á að einstaklingarnir endurnýji stöðugt þekkingu sína og færni. Mikill vöxtur hefur verið í símenntun (endur- og eftirmenntun) á liðnum árum. Með samvinnu aðila vinnumarkaðarins stendur launafólki nú til boða starfstengt nám og nám sem ætlað er að styrkja og efla einstaklingin.

Símenntun er á sameiginlegri ábyrgð samfélagsins, einstaklinganna og atvinnulífsins. Mikilvægt er að hvetja einstaklinga til símenntunar með því að skapa forsendur sem gera símenntun að raunverulegum kosti sem skilar ávinningi. Alþýðusambandið leggur áherslu á ungt fólk fái tækifæri til símenntunar til að geta þróast í starfi og til nýrra starfa.

## Fjölbjóðlegt samstarf

Öflugt og virkt samstarf er í menntamálum á Evrópuvísu. Alþýðusambandið telur mikilvægt að Íslendingar taki virkan þátt í því samstarfi og að ungt fólk geti nýtt sér þau tækifæri sem þar bjóðast. Það stuðlar að því að menntun hér á landi verði í fremstu röð á hverjum tíma. Jafnframt er markmiðið að stuðla að gagnkvæmri viðurkenningu á menntun milli landa og möguleikum ungs fólks til að sækja sér viðurkennda menntun erlendis.

## Velferð fyrir alla

Velferðarkerfi á að tryggja öllum lífsgæði. Mikilvægur þáttur í því er að jafna lífskjör á milli kynslóða. Á fyrri hluta starfsævinnar eru útgjöld flestra mikil vegna húsnæðiskaupa og framfærslu barna. Þegar líður á starfsævina dregur úr þessum útgjöldum. Tekjur flestra þróast með þveröfugum hætti. Tekjur eru í lágmarki í upphafi starfsævinnar en vaxa síðan fram yfir miðjan aldur og standa svo í stað eða dragast aðeins saman á efri árum. Velferðarkerfið á að jafna kjörin á milli kynslóða og létta þannig undir með ungu fólki á því æviskeiði þegar framfærslubyrði er þung við að koma sér upp húsnæði og ala upp börn. Öflugt barna-, vaxta- og húsaleigubótakerfi eru því mikilvægir þættir í kynslóðajöfnun. Einnig er mikilvægt að tryggja góðan aðgang að grunnstoðum velferðarkerfisins, s.s. heilbrigðisþjónustu og skólakerfi. Þá er gott, öruggt íbúðarhúsnæði grundvallarþáttur í velferð hvernar fjölskyldu og nauðsynlegt að tryggja að ungt fólk hafi aðgang að því á viðráðanlegum kjörum. Annar mikilvægur þáttur velferðarkerfisins sem snýr að ungu fólki er hjálp til sjálfshjálpar þegar fólk lendir í áfalli eins og atvinnumissi, slysi eða veikindum.

## Húsnæðismál

Húsnæði á viðráðanlegum kjörum er grundvallarþáttur í því að gera ungu fólki kleift að koma undir sig fótum og skapa fjölskyldum góð lífsskilyrði. Miklar breytingar hafa orðið á húsnæðismarkaði samhliða breytingum á fjármálamarkaði á undanförunum áratug. Horfið hefur verið frá þeirri stefnu að niðurgreiða vexti og ríkja nú almenn markaðslögmál við fjármögnun á íbúðarhúsnæði. Á sama tíma hefur félagslega húsnæðiskerfið veikst mjög.

Þróun á húsnæðismarkaði á undanförunum árum hefur verið ungu fólki sem er að stíga sín fyrstu skref óhagfelld. Tvöföldun varð á húsnæðisverði í kjölfar greiðari aðgangs að lánsfé á árunum 2004-2007 og samhliða því hækkaði húsaleiga á almennum markaði einnig mikið. Þessi staða gerir mörgu ungu fólki erfitt um vik að komast inn á húsnæðismarkaðinn í fyrsta sinn eða stækka við sig húsnæði þegar fjölskyldan stækkar. Greiðslubyrði margra ungra fjölskyldna vegna húsnæðislána er mjög há sem eykur hættuna á greiðsluferfiðleikum og mikil skuldsetning er sömuleiðis áhyggjuefni. Ef mikil lækkun verður á húsnæðisverði er hættu á því að einhver

hópur ungs fólks sitji uppi með yfirveðsettar eignir. Framboð á leiguhúsnæði fyrir það unga fólk sem ekki hefur tök á að kaupa húsnæði eða greiða háa húsaleigu á almennum markaði er mjög takmarkað og einskorðast nær eingöngu við félagslegt húsnæði á vegum sveitarfélaganna sem langir biðlistar eru eftir. Samkvæmt viðhorfskönnun sem Félagsvísindastofnun vann fyrir ASÍ sumarið 2008 telur ríflega þriðjungur fólks á aldrinum 18-35 ára að hátt húsnæðis- og leiguverð sé helsta vandamálið sem mæti ungu fólkum sem er að flytja að heiman og stofna fjölskyldu. Tæplega 60% svarenda segja að fjárhagsvandamál og mikil útgjöld séu helsta vandamálið og ætla má að stór hluti þessa hóps sé einnig að vísa til fjárhagsvanda og útgjalda sem til eru komin vegna háskóla- og húsnæðiskostnaðar.

Alþýðusambandið telur mikilvægt að ungu fólkum sé við núverandi aðstæður gert kleift að koma sér upp öruggu íbúðarhúsnæði og leggur í því sambandi áherslu á nauðsyn þess að viðhalda opinberu lánakerfi á húsnæðislánamarkaði og að komið verði upp öflugum félagslegum húsnæðiskerfi.

## Húsaleigu og vaxtabótakerfið

Húsaleigu- og vaxtabætur hafa á undanförunum árum ekki hækkað í hlutfalli við hækkandi húsnæðis- og leiguverð og hefur hlutfall þeirra af húsnæðiskostnaði ungs fólks því farið minnkandi. Núverandi kerfi eru flókin og háð bæði tekju og eignaskerðingum sem gerir óvissu um útborgaðar bætur miklar frá ári til árs auk þess sem tíðar breytingar hafa verið gerðar á forsendum fyrir greiðslu bótanna. Þannig er erfitt fyrir ungt fólk sem er að festa sér húsnæði að gera ráð fyrir ákveðinni bótaupphæð í áætlunum sínum og dæmi um að bætur sveiflist um tugi þúsunda á milli ára.

Dæmi: Samhliða verðhækkunum á fasteignamarkaði á undanförunum árum hefur fasteignamat íbúðarhúsnæðis hækkað mikið. Við útreikning á vaxtabótum sem eru bæði tekju- og eignatengdar er eignastofn m.a. reiknaður út frá fasteignamati íbúðar. Tökum dæmi af hjónum sem eiga 90 fm íbúð á höfuðborgarsvæðinu sem árið 2004 var með fasteignamatið 13 millj. kr. Áhvílandi á eigninni var 7 millj. kr. íbúðarlán. Eignastofn til útreiknings á vaxtabótum, að því gefnu að ekki sé um aðrar eignir og skuldir að ræða, er því 6 millj.kr. Árið 2008 var fasteignamatið á þessari sömu íbúð sem hjónin búa enn í 23,5 millj.kr. og íbúðarlánið hefur hækkað í 8 millj. kr. Eignastofninn árið 2008 er því 15,5 millj.kr. Að því gefnu að engar breytingar hafi orðið á högum þessa fólks á árunum 2004-2008 þá hafa vaxtabætur þeirra sveiflast umtalsvert eingöngu vegna breytinga á fasteignamatinu sem hefur engin áhrif á fjárhagsstöðu þeirra að öðru leyti.

Alpýðusambandið telur að einfalda beri núverandi kerfi húsaleigu- og vaxtabóta og skoða hvort ekki beri að sameina þau í eitt samræmt kerfi húsnæðisbóta. Samhliða því er nauðsynlegt að hækka bótaupphæðir, draga úr skerðingum og auka öryggi húsnæðisbótanna til lengri tíma litið.

## Fyrstu kaup

Ungt fólk sem hyggur á kaup á sinni fyrstu íbúð hefur tvo kosti. Annað hvort þarf það að eiga nokkrar milljónir króna í eigið fé til þess að komast inn á húsnæðismarkaðinn eða fá lán fyrir öllu kaupverði íbúðarinnar. Eigi fólk lítið eða ekkert eigið fé og þarf að fjármagna íbúðarkaupin að mestu eða öllu leyti með lánsfé er vandinn sem ungt fólk stendur frammi fyrir þríþættur. Í fyrsta lagi þarf unga fólk að hafa aðgang að lánsfé og veðrymi, í öðru lagi er greiðslubyrði lánanna mjög þung og í þriðja lagi er áhættan sem fylgir svo mikilli skuldsetningu mikil. Íbúðalánasjóður lánar í dag að hámarki 20.000.000 króna þó, aldrei meira en sem nemur 80% af kaupverði eignarinnar. Algengt verð á 3ja herbergja íbúð á höfuðborgarsvæðinu er í dag um 22-23 milljónir króna. Mismuninn þarf þá að fjármagna með láni frá öðrum aðila sem að öllum líkindum gerir kröfu um veð í öðru húsnæði þar sem íbúð ungu kaupendanna er þegar veðsett að leyfilegu hámarki með láni Íbúðalánasjóðs. Eigi unga fólk ekki kost á lánsveði eru litlar líkur á að hægt verði að fjármagna það sem upp á vantar með lánsfé nema tekin séu mjög dýr skammtímalán. Eigi kaupendurnir ungu ekki rétt á láni hjá lífeyrissjóði er bankalán sá kostur sem eftir stendur. Ef ungu kaupendurnir geta fjármagnað alla íbúðina eða stóran hluta hennar með lánsfé stendur eftir mjög há greiðslubyrði lána og mikil áhætta sem fylgir því að vera með eignina veðsetta allt að 100%.

Dæmi: Ungt par ætlar að kaupa sína fyrstu íbúð sem er þriggja herbergja íbúð í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu og kostar kr. 22.000.000. Hámarks lán sem þau geta fengið hjá Íbúðalánasjóði er 17.600.000 og þær 4.400.000 sem út af standa þarf að fjármagna með öðrum leiðum, þ.e. með sparifé eða frekara lánsfé. Sé tekið lán fyrir mismuninum eða hluta hans er líklegt að lánveitandinn geri kröfu um veð í öðru húsnæði þar sem íbúð ungu kaupendanna er þegar veðsett um 80% með láni íbúðalánasjóðs. Segjum sem svo að kaupendurnir ungu geti fengið lánsveð og fjármagnað alla íbúðina með lánsfé, þá þurfa þau að standa undir greiðslubyrði af lánunum sem er um kr. 120.000 á mánuði séu lánin tekin til 40 ára. Eigi þetta unga par ekki kost á lánsveði og frekari lántöku eða hafa ekki tekjur sem standa undir svo hárra greiðslubyrði er vandséð hvernig þau komast inn á húsnæðismarkaðinn að sinni.

Til þess að auðvelda innkomu ungs fólks inn á húsnæðismarkaðinn telur Alþýðusambandið að veita beri þeim sem eru að kaupa sér húsnæði í fyrsta sinn sérstaka aðstoð sem gæti t.a.m falist í fyrstukaupastyrkjum. Slíkar styrkveitingar má þegar fram í sækir skilyrða því að viðkomandi hafi lagt fyrir ákveðna upphæð í vissan tíma og hvetja þannig ungt fólk til sparnaðar.

## Skattamál

Ungt fólk sem er að stofna fjölskyldu og koma sér upp heimili hefur að jafnaði miklar fjárhagsskuldbindingar og þunga framfærslubyrði. Til að standa undir þessu er vinnutími þessa hóps oft á tíðum mjög langur. Eins og getið var um hér í inngangi gegnir velferðakerfið stóru hlutverki við að jafna kjör á milli kynslóða og léttja þannig undir með ungu fólki á árunum þegar framfærslubyrði er þung og tekjurnar oft lágar. Meðal þeirra tækja sem notuð eru í tekjujöfnun gagnvart ungu fólki eru vaxta- og barnabætur sem hér á landi eru hluti af skattkerfinu. Bæði barna og vaxtabætur eru tekjutengdar að miklum hluta og skerðast mjög fljótt þegar tekjur aukast. Þannig má segja að skattur aukist (þ.e. bætur minnka) þegar tekur aukast, m.ö.o. lækka barna og vaxtabætur þegar tekjur aukast þannig að sk. jaðarskattur hækkar. Alþýðusambandið telur mikilvægt að skattkerfið taki aukið mið af þungri framfærslubyrði ungs fólks og dragi úr þeim jaðarskattaáhrifum sem mikil tekjutenging barna- og vaxtabóta hefur í för með sér. Samhliða því er nauðsynlegt að efla barnabótakerfið, sem hefur nánast eingöngu náð að einhverju marki til þeirra hópa sem hafa mjög lágar tekjur. Líta verður á barnabótakerfið sem stuðningskerfi við allan þorra barnafjölskyldna og hverfa frá þeirri hugsun að bæturnar séu að mestu tekjutengdar.

## Heilbrigðismál

Alþýðusambandið hefur ávallt lagt á það mikla áherslu að öllum sé tryggt gott aðgengi að heilbrigðiskerfinu óháð efnahag. Þetta á ekki síst við um ungt fólk og börn þeirra. Samkvæmt áður nefndri könnun Félagsvísindastofnunar fyrir ASÍ telur rúmlega helmingur fólks á aldrinum 18-35 ára að greiðsla fyrir heilbrigðisþjónustu dragi úr aðsókn ungs fólks að þjónustunni. Það er ekki síst kostnaður vegna nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu fyrir börn og unglinga, s.s. vegna tannlækninga, lyfja og sjón- og heyrnartækja, sem getur verið umtalsverður og reynst ungum tekjulágum barnafjölskyldum þungur baggi. Tryggja verður að greiðsluþátttaka hins opinbera

miðist við raunverulegan kostnað fyrir þjónustuna og tryggi að öll börn hafi greiðan aðgang að henni óháð tekjum foreldra. Þar að auki er nauðsynlegt að styðja við fjölskyldur með langveik börn, bæði með því að lágmarka kostnað þeirra í heilbrigðiskerfinu og mæta tekjutapi foreldra með umönnunargreiðslum.

Dæmi: Samkvæmt reglum Tryggingastofnunar ríkisins greiða sjúkratryggingar 75% af kostnaði vegna tannlækninga barna og unglíngar 17 ára og yngri. Endurgreiðsla TR miðar við gildandi gjaldskrá heilbrigðisráðherra vegna almennra tannlækninga, sem hefur að mestu verið óbreytt frá árinu 2003, en gjaldskrá hvers tannlæknis er hins vegar frjál. Nú er svo komið að munurinn á gjaldskrám flestra tannlækna og gjaldskrá heilbrigðisráðherra er svo mikill að endurgreiðsla af tannlækna-kostnaði barna og unglíngar er í reynd oftast ekki nema 30%-40% af raunverulegum kostnaði.

## Málefni barna og ungmenna

Mikilvægt hlutverk velferðarkerfisins til að jafna kjörin á milli kynslóða er niðurgreiðsla hins opinbera á ýmsum þáttum sem snúa að uppeldi barna og unglíngar, s.s. dagvistun og tómsundum. Hófleg gjaldtaka á þessum þáttum er einnig mikilvæg til þess að tryggja jöfn tækifæri barna óháð stöðu foreldra og koma þannig í veg fyrir stéttaskiptingu meðal barna og ungmenna. Forsenda fyrir atvinnuþátttöku foreldra er að aðgengi sé tryggt að góðri dagvistun fyrir börn frá því að fæðingarorlofi lýkur. Huga þarf sérstaklega að úrræðum fyrir yngsta hópinn, 9-18 mánaða. Gott aðgengi og hófleg gjaldtaka fyrir dagvistun barna er einnig mikilvægt jafnréttismál.

Kostnaður barnafjölskyldna vegna vistunar á leikskóla, gæslu í neðstu bekkjum grunnskólans og máltíða í skólum, getur verið umtalsverður. Þessi þjónusta er öll á hendi sveitarfélaganna og fjarhagslegir burðir þeirra til þess að niðurgreiða þessa þjónustu eru afar misjafnir. Jákvæð þróun hefur átt sér stað í grunnskólum á síðustu árum í þjónustu við barnafjölskyldur og er nú víðast hvar boðið upp á heitan mat í hádeginu fyrir grunnskólabörn og síðdegisgæslu og aðstoð við heimanám að skóladegi loknum fyrir börn í yngstu bekkjunum. Samhliða þessu hefur þó kostnaður barnafjölskyldna í grunnskólanum aukist mikið og er staðan nú víða sú að kostnaður er svipaður fyrir leikskólaláss og mat og síðdegisgæslu í neðstu bekkjum grunnskólans. Greiðsluþátttaka í dagvistun fyrir börn yngri en 18 mánaða er enn umtalsvert lægri en barna sem orðin eru 18 mánaða og nauðsynlegt að auka niðurgreiðslur vegna þessa hóps og

samræma hana almennri gjalddöku á leikskólum. Algengt gjald fyrir dagvistun barns á aldrinum 9-18 mánaða er kr. 40.000-50.000 á mánuði.

Dæmi: Almennt gjald í janúar 2008 fyrir 8 stunda vistun á leikskóla ásamt fullu fæði í nokkrum sveitarfélögum  
Reykjavík: kr. 20.655  
Ísafjörður: kr. 28.268  
Akureyri: kr. 22.199  
Fljótshálsa: kr. 26.265  
Árborg: kr. 26.016

Íþrótt- og tómstundastarf er stór hluti af lífi barna og ungmenna sem bæði er mikilvægt fyrir félagslegan þroska og hefur ótvírætt forvarnargildi. Auk þess sem börn fá þar tækifæri til þess að þroskast og eflast á þeim sviðum þar sem áhugi þeirra liggur í meira mæli en innan skólakerfisins, t.d. í tónlist, dansi, myndlist eða íþróttum. Gefa verður öllum börnum og ungmönnum kost á að taka þátt í slíku starfi á sínum forsendum. Kostnaður við þátttökuna getur hins vegar verið umtalsverður fyrir barnafjölskyldur og því ekki sjálfgefið að öll börn hafi tækifæri til að stunda þetta starf. Á síðustu árum hafa nokkur sveitarfélög tekið upp sk. frístundakort þar sem foreldrar fá ákveðna upphæð fyrir hvert barn sem þeir geta eingöngu ráðstafað til greiðslu á ýmsu skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi. Sú þróun er jákvæð fyrir barnafjölskyldur og mikilvægt að halda áfram á þeirri braut. En á sama tíma er nauðsynlegt að tryggja að skipuleggjendur starfsins hækki ekki gjaldskrár sínar í takt við niðurgreiðslurnar.

Dæmi: Dæmi af kostnaði við tómstundir barna og ungmenna. Algengt gjald fyrir hljóðfæranám barns í tónlistarskóla er kr. 80.000-90.000 á ári. Þáttökugjöld í hópíþróttum eins og fótbolta eru víða á bilinu 30.000-40.000 á ári og gjöld í dansskólum geta verið á bilinu 40.000-70.000 á ári.

Alþýðusambandið leggur áherslu á að gjaldtaka hins opinbera vegna þjónustu við börn og unglinga í leikskólum, skólum og í íþrótt- og tómstundastarfi verði lágmarkuð. Mikilvægt er að minni sveitarfélögum sé einnig gert kleift að niðurgreiða þessa þjónustu til jafns við hin stærri til að tryggja jafnræði meðal barna og fjölskyldna þeirra á öllu landinu.



## Kaup og kjör

Í kjarasamningum er samið um laun og ýmis réttindamál, s.s. orlofs-, veikinda- og slysarétt. Laun og réttindi aukast oftast með líf- eða starfsaldri. Í kjarasamningum síðustu ára hefur verið lögð áhersla á að koma til móts við yngra fólk á vinnumarkaði með því að hækka byrjunartaxta sérstaklega og flýta réttindaávinnslu. Kjör á vinnumarkaði ráðast í vaxandi mæli af persónubundnum samningum milli starfsmanns og vinnuveitanda. Í kjarasamningum hefur því verið lögð áhersla á að semja um þætti sem styrkja stöðu starfsmanna í persónubundinni starfs- og launaþróun. Samið hefur verið um rétt starfsmanna til launa- og starfsmannsamntala og hafa mörg stéttarfélög stutt við bakið á félagsmönnum fyrir slík samtöl með fræðslu og útgáfu kynningarefnis. Einnig hefur verið samið um eflingu fræðslusjóða. Þessum þáttum er sérstaklega ætlað að styrkja stöðu þeirra sem eru í hvað veikastri stöðu til að semja um persónubundin kjör en það er ekki síst ungt fólk í upphafi starfsferilsins. Með greiðslu í lífeyrissjóð safnar fólk eftirlaunaréttindum en sjóðirnir eru ekki síður mikilvæg trygging fyrir ungt fólk og fjölskyldur þeirra. Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á lífeyriskerfinu sem hafa treyst eða aukið réttindi ungs fólks í sjóðunum.

Mikilvægt er að halda áfram á þeirri braut að flýta réttindaávinnslu ungs fólks í kjarasamningum en jafnframt er nauðsynlegt að nýta velferðarkerfið til að jafna betur kjör og réttindi á vinnumarkaði.

### Réttindi ungs fólks í lífeyrissjóðum

Starfsemi lífeyrissjóðanna byggir á samtryggingu þeirra einstaklinga sem greiða til þeirra. Samtryggingarþáttur sjóðanna hefur frá upphafi byggt á því að tryggja afkomu launafólks og fjölskyldna þeirra. Þetta gera sjóðirnir með því að tryggja sjóðfélögum eftirlaun í ellinni en einnig með greiðslu örorkubóta og barnabóta ef þeir missa starfsgetuna á starfsævinni. Ef sjóðfélagi fellur frá vegna veikinda eða slyss tryggir sjóðurinn eftirlifandi maka makabætur og barnabætur. Lífeyrissjóðirnir gegna því ekki síður mikilvægu hlutverki sem trygging fyrir ungt fólk.


Íslenska lífeyriskerfið byggir á þremur meginstoðum. Í fyrsta lagi á lágmarksréttindum í almannatryggingakerfinu í öðru lagi á viðbótarréttindum í samtryggingarlífeyrissjóðum á grundvelli kjarasamninga og í þriðja lagi á frjálsum séreignasparnaði. Til þess að tryggja að allir launamenn á aldrinum 16 ára til 70 afli sér nauðsynlegra viðbótarréttinda er bundið í lög að öllum er skylt að greiða að lágmarki 12% launa í lífeyrissjóð, anna hvort á grundvelli kjarasamninga eða laga. Á almenna vinnumarkaðnum greiðir launamaðurinn 4% af launum sínum í lífeyrissjóð og atvinnurekandinn 8% mótframlag. Þetta iðgjald geymir lífeyrissjóðurinn og ávaxtar þangað til sjóðfélagar fara annað hvort á eftirlaun eða ef þeir lenda í örorku. Miklar breytingar hafa verið gerðar á grunnforsendum kerfisins frá því að um það var samið árið 1969. Iðgjöld til sjóðanna hafa frá stofnun nánast verið tvöfölduð til að mæta auknum kostnaði vegna langlífis, hækkandi kaupmáttar og aukinnar örorkutíðni. Einnig hafa verið gerðar breytingar á grunnforsendum ávinnslu réttinda í kerfinu.

Mikil umræða hefur verið um samspil almannatryggingakerfisins og lífeyrissjóðanna undanfarin misseri og ár. Að hluta til stafar þessi umræða af mikilli óánægju með umfangsmiklar tekjutengingar milli kerfanna. Áhrif þessara tekjutenginga hafa leitt til þess að kallað hefur verið eftir skýrari verka- og kostnaðarskiptingu milli þessara tveggja meginstoða kerfisins, einkum varðandi kostnað vegna vaxandi örorku. Að hluta til stafar þessi umræða af breyttum viðhorfum félagsmanna verkalýðshreyfingarinnar til hlutverks lífeyriskerfisins og vaxandi kröfu um aukna valmöguleika einstaklinga til að mæta ólíkum þörfum þeirra á lífsleiðinni. Einnig hefur krafa um aukna séreign farið vaxandi. Ljóst er að þessi umræða mun aukast á næstunni og því afar mikilvægt að verkalýðshreyfingin skoði kosti og galla þeirra leiða sem til álita koma og móti sér skýra afstöðu til þeirra.

Þær breytingar sem gerðar hafa verið undanfarin ár á lífeyriskerfinu hafa flestar treyst eða aukið réttindi ungs fólks. Ef litið er á stöðu ungs fólks í lífeyriskerfinu eins og það er nú, má draga eftirfarandi atriði fram:

### Aldurstengd réttindaávinnsla

Verðmæti iðgjalda í lífeyrissjóðum fer eftir því hversu lengi sjóðurinn hefur iðgjöldin til ávöxtunar. Þannig eru innborgarnir ungs fólks, sem eiga langt í eftirlaunaaldur, verðmætari en innborganir frá eldra fólki. Aldurstengd réttindaávinnsla þýðir að hver króna sem 25 ára einstaklingur leggur í lífeyrissjóð veitir rétt til meiri lífeyris en hver króna sem 55 ára einstaklingur leggur inn.



Aldurstengd réttindaávinnsla gerir verðmæti ungs fólks í lífeyriskerfinu sýnilegri og réttindaávinnslan í sjóðunum er í meira samræmi við almennar forsendur ávöxtunar. Áhættan er hins vegar sú að ýtt sé undir „sérhyggju“ í stað „samhjalpar“.

**Örorkulífeyrir með framreikniréttindum.** Framreikniréttindi eru mikilvæg fyrir ungt fólk sem hefur verið stutt á vinnumarkaði ef það verður fyrir örorku. Það hefur með iðgjöldum sínum áunnið sér lítinn rétt í lífeyrissjóðum til greiðslu á örorkulífeyri. Framreiknirétturinn tryggir hins vegar viðbótarrétt þannig að við útreikning á örorkulífeyrinum er miðað við að viðkomandi hefði greitt til sjóðsins af meðaltekjum síðustu 3ja ára þar til hann er 65 ára. Framreiknirétturinn er þannig sérstaklega hannaður til þess að treysta og bæta réttindi ungs fólks á vinnumarkaði en miðað er við að greitt hafi verið samfelld í lífeyrissjóð í 3 ár eða lengur. Samskiptareglur lífeyrissjóða tryggja að aðili, sem hefur greitt í lífeyrissjóð í a.m.k. 3 ár samfelld, öðlast framreikniréttindi jafnvel þó hann skipti um starfsgrein. Sjóðirnir skipta svo kostnaði á milli sín innbyrðis.

Dæmi: 30 ára einstaklingur sem hefur unnið frá 18 ára aldri og hefur 280 þús.kr. í tekjur á mánuði (sem eru meðaltekjur innan ASÍ) hefur áunnið sér rétt til ríflega 30 þús.kr. lífeyris á mánuði ef hann yrði fyrir örorku. Framreiknirétturinn tryggir honum til viðbótar réttindi til örorkulífeyris eins og hann hefði greitt til sjóðsins af meðaltekjum síðustu 3ja ára til 65 ára aldurs. Þessi réttur jafngildir ríflega 70 þús.kr. á mánuði til viðbótar, þannig að samtals fengi hann um 103 þús.kr. í örorkulífeyrir á mánuði. Til samanburðar má nefna að 45 ára einstaklingur með sömu tekjuforsendur hefur áunnið sér 74 þús.kr. lífeyri og fengi 45 þús.kr. til viðbótar með framreikningi eða samtals 114 þús.kr.

Vandinn við framreikniréttinn fyrir ungt fólk er sá að það þarf þriggja ára samfellda greiðslu í lífeyrissjóð til að öðlast réttindin. Hafi viðkomandi verið skemur á vinnumarkaði en þrjú ár samfelld á hann ekki rétt til framreiknings á örorkulífeyrisréttindum og fengi því lágar örorkubætur úr lífeyrissjóði. Ef viðkomandi fer á milli ólíkra starfsgreina og greiðir í lífeyrissjóði sem ekki hafa með sér samskiptareglur, nær hann heldur ekki að öðlast þennan grundvallarrétt. Flestir lífeyrissjóðir eru þó aðilar að samskiptareglum lífeyrissjóða.

**Makalífeyrir** er greiddur úr lífeyrissjóði til eftirlifandi maka við andlát sjóðsfélaga. Makalífeyrir er greiddur að lágmarki í 5 ár eftir andlát sjóðsfélaga eða til 18 ára aldurs yngsta barns. Til viðbótar þessum lágmarksrétti hafa einstaka sjóðir veitt rýmri rétt, og miða t.d. aldur yngsta barns við 19-23 ár. Hafi sjóðsfélagi öðlast rétt til framreiknings nemur makalífeyrir að lágmarki 50% af örorkubótarétti sjóðsfélagans. Í dæminu hér að framan fengi eftirlifandi maki helming örorkubótanna, eða ríflega 50 þúsund kr. í fyrra tilfellinu og 57 þús.kr. í því seinna.

**Barnalífeyrir** er greiddur úr lífeyrissjóði með barni sjóðsfélaga bæði vegna örorku og andláts, að lágmarki til 18 ára aldurs barns og í sumum tilfellum til 23 ára aldurs. Barnalífeyrir er misjafn, en skal að lágmarki vera 9.600 kr. vegna örorku og 13.300 kr. vegna andláts.

#### **Almenn ákvæði um framkvæmd:**

**Réttindi í lífeyrissjóðum eru óháð starfsaldri í fyrirtækjum.** Réttindaávinnsla í lífeyrissjóðum hefst þegar á fyrsta starfsdegi. Óhefðbundin ráðningarform eins og tímabundin ráðning, skammtímaráðning, starfsmannaleigur, hlutastörf, o.s.frv. sem ungt fólk býr oft við, hafa ekki áhrif á réttindi í lífeyrissjóðum. Þetta er ólíkt lífeyriskerfum í flestum ríkjum Evrópu þar sem lífeyrisréttindi byggjast á starfsaldri hjá atvinnurekanda.

**Ókynbundin ávinnsla réttinda.** Allir sjóðsfélagar á sama aldri, bæði karlar og konur, fá sama rétt fyrir hverja innborgaða krónu, óháð lífslíkum. Lífeyriskerfið tekur hins vegar ekki tillit til áhrifa þess að fara tímabundið út af vinnumarkaði, t.d. vegna barneigna eða náms, þar sem það er valkvætt að greiða í lífeyrissjóð af fæðingarorlofi og námslánum. Til að sporna gegn þessu mætti gera skiptingu lífeyrisréttinda að skyldu í lögum um lífeyrissjóði og skylda alla til að greiða í lífeyrissjóð af fæðingarorlofi og námslánum.

**Samskiptareglur lífeyrissjóða á samningssviði ASÍ tryggja samfellu í réttindum,** þannig að þótt skipt sé um starfsgrein, t.d. úr verslun í veitingarstað, haldast réttindi til lífeyris óskert. Vandí getur hins vegar komið upp ef viðkomandi nær ekki að komast inn í kerfið, sbr. umfjöllun um framreikniréttindi að framan.

**Réttur til að taka sjóðsfélagalán:** Sjóðsfélagar sem greitt hafa í lífeyrissjóð 4 af síðustu 6 mánuðum hafa rétt á að taka fasteignalán hjá sjóðunum. Algengt er að námshlé skerði ekki lánsrétt. Í dag eru vextir þessara lána 5,35% m.v. breytilega vexti, en sambærilegir vextir bankanna er frá 6,5% og meðaltal verðtryggðra vaxta bankanna er nú 10,9%.

**Tekjutenging örorkubóta og almannatrygginga:** Eftir að lífeyrissjóðir endurskilgreindu tekjutengingu örorkubótanna árið 2006 á þann veg að taka einnig tillit til bóta almannatrygginga, má ætla að ungt fólk sem lendir í örorku (og á framreiknirétt) lendi í talsverðum skerðingum. Þetta kemur til vegna þess að meðaltekjur þeirra eru almennt lágar þannig að þeir njóta lágmarksákvæða almannatryggingalaganna sem þýðir að samanlagðar bætur þeirra frá almannatryggingum og lífeyrissjóðum geta verið hærri en

meðaltekjur á vinnumarkaði. Það sem umfram er lækkar króna fyrir krónu rétt þeirra hjá lífeyrissjóðunum. Til að leysa þennan vanda þarf að endurskoða tekjutengingar á milli almannatrygginga og lífeyrissjóða.

Almennt má fullyrða að uppbygging íslenska lífeyriskerfisins sé ungu fólki hagstæð. Margar af þeim gildrum og girðingum sem þekktar eru á meginlandi Evrópu varðandi ávinnslu eftirlaunaréttinda, sem flestar má rekja til þess að réttindi byggja á starfsreynslu í föstu starfi hjá tilteknum fyrirtækjum, eru ekki til staðar hér. Ástæða þess er annars vegar að lífeyriskerfið hér byggir á sjóðsmyndun, en ekki starfsreynslu í fyrirtækjum, samskiptareglur lífeyrissjóðanna tryggja samfellu og ávinnlukerfi sjóðanna er tiltölulega samstillt og samræmt. Hins vegar eru smávægilegir hnökrar í kerfinu sem segja má að séu ungu fólki óhagstæðir og er mikilvægt að finna leiðir til þess að færa það til betri vegar. Ljóst er að endurskoða verður samskipti almannatrygginga og lífeyrissjóða og líklegt að slík endurskoðun leiði til breyttrar verka- og kostnaðarskiptingar milli þessara aðila, án þess að það þurfi að hafa áhrif á réttindi hvers og eins sjóðfélaga.

Alþýðusambandið leggur áherslu á að komið verði í veg fyrir skerðingu á réttindaávinnslu ungs fólks í lífeyris- og tryggingarmálum vegna hreyfanleika á milli starfsgreina og að skerðingar ungs fólks vegna tekjutengingar örorkubóta og almannatrygginga verði minnkaðar. Jafnframt er brýnt að almannatryggingar veiti ungu fólki fullnægjandi stuðning ef það lendir í skakkaföllum áður en viðunandi réttindaávinnslu er náð á vinnumarkaði.

## Veikindaréttur ungs fólk

Veikindaréttur á vinnumarkaði byggist bæði á kjarasamningum og lögum. Í lögum nr. 19/1979 þar sem fjallað er um rétt til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, er tryggður lágmarksréttur á þann veg að launafólk ávinnur sér rétt til fullra launa í 2 daga á mánuði fyrsta árið í starfi og fullan mánuð eftir 1 ár. Eftir 3ja ára starf hjá sama atvinnurekanda bætist við einn mánuður á dagvinnulaunum og eftir 5 ára starf hjá sama atvinnurekanda bætist annar mánuður við á dagvinnulaunum, samtals 3 mánuðir.

Til viðbótar þessum lágmarksréttindum samkvæmt lögnum, sem eins og fram hefur komið eru bundin við sama atvinnurekanda, hafa stéttarfélagin samið um viðbótarréttindi ásamt því að

endurreisa réttinn þegar skipt er um starf. Auk þess má finna betri réttindi í einstaka sérsamningum og fyrirtækjasamningum auk þess sem réttur hjá opinberum aðilum er talsvert meiri.

Það að veikindarétturinn skuli vera bundinn starfsreynslu hjá sama atvinnurekanda getur skapað vanda fyrir ungt fólk sem er oft mjög hreyfanlegt á milli vinnustaða. Ungt fólk er að fíkra sig áfram með áhugasvið sitt á vinnumarkaði og oft getur reynst erfitt að fá fastráðningu því fyrirtæki nýta gjarna ungt fólk til að auka sveigjanleika sinn í launamyndun og – þróun. Til þess að tryggja að ungt fólk eigi veikindarétt þrátt fyrir mikinn hreyfanleika á milli atvinnurekenda er rétt að sjóðsbinda stærri hluta veikindaréttarins líkt og í uppbyggingu lífeyrissjóðanna og draga þannig úr mikilvægi langs ráðningartíma hjá sama atvinnurekanda verði fólk veikt.

Auk veikindaréttinda sem launafólk nýtur hjá sínum atvinnurekanda ber atvinnurekendum að greiða a.m.k. 1% af launum í sérstakan sjúkrasjóð hjá viðkomandi stéttarfélagi. Á grundvelli þessa iðgjalds njóta félagsmenn í aðildarfélögum ASÍ mikilvægra lágmarksréttinda sem koma til þegar veikindaréttur hjá atvinnurekendum hefur verið tæmdur. Ef greitt hefur verið í sjúkrasjóð stéttarfélags í sex mánuði eða lengur öðlast viðkomandi rétt til allt að 6 mánaða sjúkrabóta. Bæturnar nema 80% af meðaltekjum síðustu sex mánaða að teknu tilliti til bóta almannatrygginga, greiðslna úr slysatryggingu launafólks eða annarrar lögbundinnar tryggingar. Ungu fólki hefur verið tryggður betri veikindaréttur en ella vegna þess hversu fljótt réttur til greiðslna út sjúkrasjóði stéttarfélags myndast (eftir 6 mánaða greiðslur í sjóðinn) og vegna samskiptareglna milli sjúkrasjóða aðildarfélaganna ASÍ. Með þessu hefur kostnaði vegna veikinda verið velt af atvinnurekendum yfir á sjúkrasjóði stéttarfélaganna.

Alþýðusambandið leggur áherslu á að auðvelda ungu fólki að ávinna sér veikindarétt með því að auka sjóðsmyndun veikindaréttar í stað ávinnslu hjá atvinnurekanda eins og nú er.

## Slysaréttur ungs fólks

Þegar fólk lendir í slysi í vinnu eða á beinni leið til og frá vinnu, á það rétt á dagvinnulaunum í þrjá mánuði óháð starfsaldri hjá fyrirtæki. Þessi réttur kemur til viðbótar áunnum veikindarétti sem greiðist óskertur vegna hvers slyss. Þannig geta iðnaðarmenn átt allt að 7 mánaða bótarétt, verkafólk allt að 8 mánuði og verslunarmenn allt að 10 mánuði.

Samspilið á milli veikindaréttarins, sem byggir á starfsaldri hjá sama atvinnurekanda, og 3ja mánaða slysaréttarins, sem er óháður starfsaldri, veldur því að staða ungs fólks er þegar á heildina er litið sömu annmörkum háð og getið var um í umfjölluninni um veikindaréttinn.

Í kjarasamningum eru ákvæði sem skylda atvinnurekendur til þess að kaupa sérstaka slysatryggingu fyrir starfsmenn sína sem tryggir þeim dagpeninga, örorkubætur og dánarbætur til maka og barna.

Réttindi og tryggingar launafólks vegna slysa eru ungu fólki almennt hagstæð. Slysatrygging tekur gildi strax á fyrsta degi ráðningar og bótaréttur vegna slysa er óháður bæði starfsaldri og launum viðkomandi. Örorkubætur eru hærri til yngri hluta hópsins og ýmis ákvæði dánarbóta koma betur til móts við ungt fólk.

## Vinnumarkaðs- og atvinnumál

Fyrir ungt fólk skiptir miklu að geta gengið að góðum og fjölbreyttum störfum sem tryggja fjárhagslegt öryggi fjölskyldunnar. Hóflegur vinnutími og gott vinnuumhverfi er ekki síður mikilvægt þegar ungar fjölskyldur eru að koma undir sig fótunum og ala upp börn. Það eru mikilvægir hagsmunir í því fólgir fyrir einstaklinginn, atvinnulífið og samfélagið að allir hafi atvinnu og séu virkir þátttakendur á vinnumarkaði. Í velferðarsamfélagi eiga allir að njóta lífsgæða. Mikilvægur þáttur í því sambandi lýtur að umgjörð vinnunnar. Markmiðið er að allir eigi kost á góðum störfum, búi við góðar vinnuaðstæður, hóflegan vinnutíma og líði vel í vinnunni. Eins og fjallað er um í kaflanum um vinnu og einkalíf er nauðsynlegt að gera ungu fólki kleift að skapa jafnvægi á milli atvinnuþátttöku og einkalífs. Með það að leiðarljósi má betur tryggja lífsgæði fjölskyldunnar og forðast að árekstrar og togstreita verði á milli vinnu og einkalífs. Til þess að tryggja nægt framboð af áhugaverðum störfum fyrir nýjar kynslóðir er nauðsynlegt að byggja upp samkeppnishæft atvinnulíf með traustum grunnstoðum en á sama tíma ýta undir endurnýjun rótgróinna atvinnugreina og stuðla að vexti á nýjum sviðum. Samhliða því er öflugt velferðarkerfi á vinnumarkaði og virkar vinnumarkaðsaðgerðir nauðsynlegar til að styðja ungt fólk til þátttöku í atvinnulífinu, einkum ef það verður fyrir tímabundnum erfiðleikum við að aðlagast nýjum veruleika.

### Lífið í vinnunni

Meginhlutverk verkalýðshreyfingarinnar er að vinna að bættum kjörum og réttindum launafólks á vinnumarkaði. Með löggjöf og kjarasamningum hefur náðst mikill árangur á því sviði. Þar má nefna löggjöf um vinnuvernd og kjarasamningsákvæði um fjölmarga þætti sem varða vinnuna og skipulag hennar. Nauðsynlegt er að verja þessa ávinninga og treysta þau réttindi sem á þeim hvíla.

Þrátt fyrir góðan árangur er enn margt óunnið varðandi réttindi og hagsmuni launafólks við að bæta „lífið í vinnunni“. Þannig hafa ný viðfangsefni komið í ljós samhliða því sem önnur hafa verið leyst. Breytingar í þjóðfélaginu og á skipulagi vinnunnar í tengslum við tæknibreytingar og nýjar stjórnunaraðferðir, alþjóðavæðingu og markaðsvæðingu hafa skapað nýjar aðstæður og



ný úrlausnarefni. Ungu fólki, sem er að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði, mæta víða nýjar og harðari stjórnunaraðferðir en áður hafa tíðkast. Stöðugt meiri arðsemiskröfur og kröfur um aukna hagræðingu og framleiðni fela í sér breytingar á vinnunni og vinnuskipulagi og auka álag á starfsfólk. Sem mótvægi við þennan harða raunveruleika er nauðsynlegt að festa í lög og samninga leiðir til þess að vinna gegn þeim afleiðingum sem þetta getur haft á starfsfólk eins og vinnustreitu, kvíða, þunglyndi, kulnun í starfi o.fl. Samhliða þessu er vaxandi tilhneiging hjá fyrirtækjum til að safna og nýta margvíslegar persónuupplýsingar um starfsmenn við eftirlit og ákvarðanatöku. Þessar breytingar hafa átt þátt í að auka skilning á mikilvægi félagslegra þátta, bæði við skipulagningu vinnunnar og í samfélaginu á vinnustaðnum.

Alþjóðavæðingin, aukinn fjöldi útlendinga á íslenskum vinnumarkaði og fjölmenningarlegt vinnuumhverfi kalla einnig á viðbrögð og nýjar lausnir á vinnustöðum.

Markmiðið er að stéttarfélögin og launafólkið sjálf hafi meira um það að segja en nú er, hvernig vinnuaðstæður, vinnan sjálf og skipulagning hennar þróast og að viðurkennt verði að þessir þættir og áhrif starfsmanna á mótun þeirra varði beint hagsmuni launafólks. Alþýðusambandið telur brýnt að efla vitund og skilning ungs fólks á þeim möguleikum sem eru fyrir hendi til þess að hafa áhrif á vinnuna, vinnuumhverfið og vinnustaðinn. Mikilvægt er að ungt fólk sé hvatt til þess að eiga frumkvæði að þessu leyti og leggja sitt af mörkum. Þannig komast sjónarmið ungs fólks betur til skila og betur er tryggt að hagsmunir þeirra verði virtir.

## Vinnuumhverfið og skipulag vinnunnar

Ýmsir þættir hafa áhrif á líðan fólks í vinnunni og framkvæmd vinnunnar. Skrifborðsaðstaða, starfsmannaaðstaða, lýsing, loftræsting, hitastig og öryggisbúnaður, eru allt þættir sem hafa áhrif á það hvernig okkur líður í vinnunni og hvernig okkur gengur að leysa úr þeim verkefnum sem okkur eru falin. Sömuleiðis hefur skipulag vinnutímans og möguleikar starfsmanna til þess að hafa áhrif á það skipulag mikið að segja um líðan okkar og árangur í vinnunni. Í síbreytilegum veruleika á vinnumarkaði í dag er mikilvægt að starfsmenn fái tækifæri til að þróast í starfi og til nýrra starfa. Í því miði er öflug og góð símenntun órjúfanlega tengd „lífinu í vinnunni“. Vinnutími hér á landi er mun lengri en í nágrennalöndum okkar. Það er eitt brýnasta verkefni næstu ára að stytta vinnutímann þannig að hann verði ekki lengri en í þeim löndum sem við

viljum bera okkur saman við. Styttri vinnutími er sérstaklega mikilvægt hagsmunamál fyrir ungt fólk á vinnumarkaði sem er að byggja upp fjölskyldu og koma börnum á legg.

Alþýðusambandið leggur áherslu á að vinnan, skipulag vinnunnar og vinnuumhverfið taki mið af þörfum og hagsmunum starfsmanna. Nauðsynlegt er að löggjöf og stofnanir ásamt virku innra starfi í fyrirtækum tryggi ungu fólki vinnuaðstæður eins og best gerist annars staðar.

### Samskipti á vinnustað - samfélagið á vinnustað:

Samskipti, samstarf við vinnufélaga og starfsandi á vinnustaðnum hefur mikið að segja um það hvernig okkur líður í vinnunni. Fyrir ungt fólk sem er að hefja störf á nýjum vinnustað er vel skipulögð móttaka mikilvægur þáttur í að bjóða það velkomið til starfa og viðhalda og bæta starfsanda og samskipti á vinnustað. Í lögum og kjarasamningum eru ákvæði sem veita starfsfólki vörn gegn ofbeldi, áreiti og einelti á vinnustað. Til að tryggja góð samskipti og koma í veg fyrir slík vandamál er mikilvægt að fylgja þessum ákvæðum eftir og styrkja þau enn frekar.

### Atvinnumál

Hvaða störf bíða mín? Hvar liggja tækifærin? Þetta eru eðlilegar spurningar sem hljóta að brenna á ungu fólki. Ljóst er að mörg störf sem þykja eftirsóknarverð í dag munu missa aðdráttarafl sitt á næstu árum. Sum þeirra munu einfaldlega ekki standa undir kröfum um viðunandi kjarapróun. Önnur munu taka verulegum breytingum vegna ýmiss konar hagræðingaraðgerða. Enn önnur munu flytjast til landa þar sem starfsskilyrði eru talin hagstæðari.

Til þess að ný störf verði til í stað þeirra sem hverfa þarf atvinnulífið að vera samkeppnishæft. Markmiðið um samkeppnishæfni má ekki skyggja á eðlileg siðferðileg viðmið eða gildi um jöfnuð, réttlæti og ábyrgð. Hafa þarf hugfast að framfaraspor fyrir þorra almennings geta haft í för með sér tímabundna erfiðleika fyrir einstaka aðila. Gefa verður þeim raunhæft tækifæri til að laga sig að breyttum aðstæðum. Alþýðusambandið leggur áherslu á að öflugt velferðarkerfi á vinnumarkaði og virkar vinnumarkaðsaðgerðir, styðji við ungt fólk og aðstoði það við að vera virkir þátttakendur í atvinnulífinu.

Hægt er að byggja upp samkeppnishæft atvinnulíf með ýmsu móti. Það sem skiptir samt mestu máli er að grunnstoðir þess séu traustar. Einnig getur verið nauðsynlegt að ýta undir endurnýjun

rótgróinna atvinnugreina jafnframt því sem beitt er markvissum aðgerðum til að örva vöxt á nýjum sviðum.

## Kerfi sem virkar

Atvinnulífið hvílir á ákveðnum grunnstoðum sem landsmenn nýta sameiginlega. Hér má nefna mennta- og velferðarkerfið en einnig samgöngu-, fjarskipta- og raforkukerfið. Til að tryggja öfluga atvinnuuppbyggingu um allt land telur Alþýðusambandið að beina þurfi athyglinni að styrkingu þessara grunnstoða í svokölluðum „landshlutakjörnum“, þ.e. þeim byggðarkjarna innan hvers landshluta sem hefur mest aðdráttarafl fyrir ungt fólk, bestu möguleikana til uppbyggingar atvinnulífs, skóla, menningarlífs og opinberrar þjónustu og sem er best settur til að þjónusta nærliggjandi héruð.

## Gamalt og gott

Til skamms tíma byggðist íslenskt atvinnulíf fyrst og fremst á nýtingu náttúruauðlinda og rótgrónum atvinnugreinum eins og landbúnaði og sjávarútvegi. Þrátt fyrir að æ færra fólk starfi í þessum greinum býr samt talsverður endurnýjunarkraftur í þeim sem sjálfsagt er að virkja. Matvælaíðnaður gæti t.d. átt veruleg sóknarfæri á grundvelli ímyndar landsins um hreinleika og hollustu. Þá hefur sú deigla sem verið hefur í orku- og umhverfismálum augljóslega skapað nýjar forsendur fyrir nýtingu og verndun íslenskrar náttúru. Til að losa um þessa sköpunarkrafta þarf að endurskoða núverandi stuðningskerfi við ýmsar rótgrónar atvinnugreinar – nálgunin á að vera sókn en ekki vörn. Alþýðusambandið telur mikilvægt að endurnýjunarkraftar rótgróinna atvinnugreina eins og landbúnaðar og sjávarútvegs verði virkjaðir og þessar greinar opnaðar fyrir kraftmiklu og hugmyndaríku ungu fólk.

## Nýtt og spennandi

Talsverð gerjun er í svokölluðum „skapandi atvinnugreinum“ þar sem menning, afþreying, upplýsingatækni, hönnun, fjármagn, o.s.frv. mætast og ný starfsemi vex fram. Þekking er sú auðlind sem þessar ólíku greinar byggja á. Ólíkt náttúruauðlindunum þá liggur þekkingin ekki „ókeypis“ í náttúrunni heldur þarf oft að kosta töluverðu til svo hún líti dagsins ljós. Hún er hins vegar ekki takmörkuð eftir að hún er orðin til, þ.e. eyðist ekki við notkun. Þekking er því auðlind

sem getur verið afar gjöful en er gjarnan til í of litlum mæli. Til að tryggja æskilegt framboð hennar er því nauðsynlegt að stjórnvöld beiti sér markvisst á þessu sviði, t.d. með fjárfestingum í rannsóknum og menntun. Alþýðusambandið leggur áherslu á að stuðlað verði að hagstæðu umhverfi fyrir vöxt skapandi atvinnugreina, þar sem nýsköpun, öflug upplýsingatækni, menningarstarfsemi og fjárfestar mætast.

## Horft inn á við

Verkalýðshreyfingarinnar bíður það ögrandi hlutverk að efla þekkingu ungs fólks á starfsemi stéttarfélaganna og gera það meðvitaðra um réttindi sín. Markmiðið er að allt ungt fólk á vinnumarkaði á Íslandi í dag sjái sér hag í því að eiga formlega aðild að stéttarfélagi, þ.e. láti ekki við það eitt sitja að greiða þangað iðgjöld heldur gerist virkir þátttakendur og áhrifavaldar um eigin hagsmuni. Til þess að svo verði þarf öfluga kynningu á margþættu hlutverki stéttarfélaganna og þeim hagsmunum og kostum sem felast í aðild að þeim. Þetta þarf að gera í þeim miðlum og á því formi sem að ná athygli ungs fólks.

Alþýðusamband Íslands þarf að hlusta á þarfir ungs fólks og tryggja að sjónarmið þessa þjóðfélagshóps komist til skila í stefnumótun og ákvarðanatöku innan hreyfingarinnar. Skref í þá átt gæti verið stofnun ungliðahreyfingar innan ASÍ sem ætti áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt á fundum miðstjórnar. Þannig er hægt að byggja brú frá forystu hreyfingarinnar yfir til nýrrar kynslóðar á vinnumarkaði. Einnig er æskilegt að koma upp vefsíðu inni á vefsvæði ASÍ sérstaklega ætlaða ungu fólki. Þar þarf framsetningu á upplýsingum og fræðsluefni að vera með þeim hætti að hún höfði til hagsmuna yngri aldurshópa og vekti áhuga þeirra.

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði skoðanakönnun fyrir Alþýðusambandið meðal ungs fólks sumarið 2008. Úrtakið var 1000 manns á aldrinum 18-35 ára og var svarhlutfall 61%. Er skemmst frá því að segja að niðurstaðan sýnir ótvírætt jákvætt viðhorf þessa hóps til verkalýðshreyfingarinnar og starfsemi hennar. Þannig segjast tæplega 85% aðspurðra vera í stéttarfélagi sem er í takt við opinberar tölur um stéttarfélagsaðild. Þá segjast 96% þeirra sem tóku afstöðu sammála þeirri fullyrðingu að stéttarfélög séu nauðsynleg til að gæta hagsmuna launafólks. Þegar spurt var um helstu ástæðu þess að viðkomandi væri í stéttarfélagi nefndu 62% jákvæða þætti eins og að hagsmunum þeirra væri best borgið innan þeirra og að stéttarfélög tryggðu kjör og réttindi. 82% þeirra sem svöruðu virtust hafa nokkuð greinargóða hugmynd um starfssemi ASÍ og langflestir töldu að ASÍ ætti að leggja áherslu á launa-, jafnréttis- og mannréttindamál í starfi sínu. Þá virðist ungt fólk á Íslandi í dag upp til hópa vera jafnréttissinnað en mikill meirihluti er sammála því að greiða beri sömu laun fyrir sömu vinnu og að stjórnvöld eigi að vinna betur að því að konur hafi sömu möguleika og karlar í samfélaginu. Nokkur mótsögn er þó á viðhorfi gagnvart útlendingum, ríflega þriðjungur svarenda telur

eðlilegt að Íslendingar njóti betri kjara á vinnumarkaði en fólk af erlendum uppruna. Niðurstöður könnunarinnar sýna augljóslega að verkalýðshreyfingin er með byr í seglin og á ýmis sóknarfæri meðal ungs fólks sem gerir sér vel grein fyrir mikilvægi öflugrar kjarabaráttu.

Verkalýðshreyfingin hefur náð ótvíræðum árangri í réttindabaráttu sinni í 90 ár. Það þarf að vekja ungt fólk til umhugsunar um þau lífsgæði sem hreyfingin hefur skapað í íslensku samfélagi. Réttindi launafólks urðu ekki til af sjálfu sér eða fyrir tilstuðlan stjórnvalda. Þau eru að mestu afrakstur af baráttu þeirra sem fylgt hafa liði í öflugum stéttarfélögum. Þessi réttindi hafa áhrif á alla daglega tilveru launafólks og koma ekki hvað síst í ljós þegar áföll verða. Miklar og örar samfélagsbreytingar kalla á ný verkefni og nýjar leiðir samhliða því sem standa þarf vörð um og efla þau réttindi sem þegar hafa áunnist. Þetta eru mikilvæg skilaboð til ungs fólks.

ASÍ hefur góðan málstað að flytja. Látum hann heyrast, framtíð þessa lands og hreyfingunni til heilla.

# Áherslur og verkefni



Alþýðusamband Íslands

## Vinna og einkalíf

Ungt fólk sem er að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði gerir aðrar kröfur til lífsgæða en þær kynslóðir sem eldri eru. Stór hluti ungs fólks telur mjög mikilvægt að því sé gert kleift að skapa jafnvægi milli vinnu og einkalífs og að eiga innihaldsríkt líf utan vinnustaðarins. Þegar ungt fólk stofnar til fjölskyldu verður þetta jafnvægi enn þýðingarmeira. Auka þarf möguleika launafólks til sveigjanlegs vinnutíma, þannig að það geti betur samræmt vinnu, einkalíf og fjölskyldulíf. Kjarasamningar eru helsta leið stéttarfélaganna til þess að hafa áhrif á aðstöðu allra á vinnumarkaði og því er mikilvægt að ASÍ fylgi eftir þeim árangri sem náðst hefur í kjarasamningum undanfarinna ára.

### Áherslur ASÍ eru:

- Að samþætta vinnu og einkalíf með sveigjanleika og fjölskylduvænni vinnumenningu sem skapar m.a. foreldrum skilyrði til að annast börn sín
- Að tryggja jafnan rétt allra foreldra í fæðingar- og foreldraorlofi
- Að vinna að því að foreldrum verði tryggðar greiðslur í foreldraorlofi
- Að tryggja aðgengi að góðri dagvistun eftir fæðingarorlof

### Helstu verkefni ASÍ eru:

- Að vinna markvisst að samþættingu vinnu og einkalífs í samvinnu við samtök atvinnurekenda og stjórnvöld þar sem áhersla er á fjölskylduvæna vinnumenningu
- Að stytta vinnutímann með það að markmiði að hann verði ekki lengri en á hinum Norðurlöndunum
- Að lengja fæðingarorlofið í 12 mánuði og endurskoða viðmiðunartímabil við útreikning fæðingarorlofs.
- Að tryggja að allir nýbakaðir foreldrar í aðildarfélögum ASÍ fái greidd orlofslaun vegna þess tíma sem þeir eru í fæðingarorlofi og njóta greiðslna úr fæðingarorlofssjóði
- Að foreldrum verði tryggðar greiðslur í foreldraorlofi, þannig að það verði raunverulegur kostur að samræma atvinnuþátttöku og fjölskylduábyrgð



- Að bæta réttindi foreldra á vinnumarkaði vegna veikinda barna, m.a fjölga veikindadögum og endurskoða aldursmörk. Einkum þarf að huga að réttindum foreldra langveikra barna og leggja sérstaka áherslu á vernd þeirra gagnvart uppsögnum

## Menntun

Þróttmikið og framsækið menntastarf er ein af grunnstoðum velferðarsamfélagsins. Markmiðið á að vera að öllu ungu fólki séu sköpuð skilyrði til góðrar menntunar sem undirbýr það til þátttöku í samfélaginu og á vinnumarkaði. Þetta þarf að gera með traustri og góðri grunn- og framhaldsmenntun og virkri sí- og endurmenntun. Öflug og markviss menntastefna er þannig helsti lykillinn að framsæknu og samkeppnishæfu atvinnulífi sem tryggir næga atvinnu, góð störf og félagslegan jöfnuð.

Það er samfélaginu mikilvægt að nýta allan þann mannauð sem býr í ungu fólki. Því er mikilvægt að ungt fólk sem ekki hefur fengið næga grunnmenntun fái annað tækifæri til náms sem eflir það og styrkir og opnar nýjar gáttir til aukinna lífsgæða.

### Áherslur ASÍ eru:

- Að ungt fólk hafi, óháð efnahag, búsetu eða fjölskyldustöðu, tækifæri til menntunar í samræmi við þarfir sínar og aðstæður hverju sinni
- Að lögð verði áhersla á endurskoðun og aukinn sveigjanleika námslánakerfisins fyrir þá einstaklinga á vinnumarkaði sem vilja hverfa aftur í nám
- Að nýjum áherslum í lögum um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla verði hrint í framkvæmd
- Að dregið verði úr brottfalli og tryggt að sem flest ungmenni ljúki námi úr framhaldsskóla
- Að námsframboð á háskólastigi verði sem fjölbreyttast og lögð verði áhersla á verk- og tæknimenntun.
- Að tryggt sé að verknám og bóknám sé metið að jöfnu
- Að sett verði lög um fullorðinsfræðslu með áherslu á annað tækifæri til náms
- Að stjórnvöld grípi til sérstakra aðgerða til að treysta stöðu ungs fólks á vinnumarkaði með litla formlega menntun
- Að ungt fólk fái tækifæri til sí- og endurmenntunar til að það geti þannig þróast í starfi, þróast með starfinu og til nýrra starfa

- Að ungu fólki af erlendum uppruna verði tryggð menntunartækifæri og skilyrði til að taka virkan þátt í íslensku samfélagi og atvinnulífi
- Að Íslendingar taki virkan þátt í Evrópusamstarfi á sviði menntunar

## Helstu verkefni ASÍ eru:

- Að tryggja að skráningargjöld í skólum og kostnaður vegna námsgagna- og tækja verði ekki til að mismuna nemendum eftir efnahag
- Að treysta stöðu ungs fólks með litla formlega menntun, þar sem hæfni og reynsla verði metin til styttingar á námi og tryggt verði að skólakerfið viðurkenni raunfærnimat
- Að knýja á um fjölbreyttara námsframboð í skólakerfinu með áherslu á verk- og starfsnám og að nægilegt fjármagn verði tryggt
- Að stuðla að eflingu náms í tæknigreinum á háskólastigi
- Að vinna að því að réttur ungs fólks til símenntunar og tækifæri til að nýta sér hana verði tryggður og að ekki myndist blindgötur í skólakerfinu
- Að tryggja í samvinnu við stjórnvöld að sett verði framsækin lög um fullorðinsfræðslu þannig að annað tækifæri til náms verði raunhæfur kostur
- Að vinna að því að menntakerfið mæti þörfum ungs fólks af erlendum uppruna
- Að knýja á um að námslánakerfið verði sveigjanlegra og mæti betur þörfum ungs fólks
- Að kynna og hvetja til þátttöku í þróunar- og samstarfsverkefnum á vegum menntaáætlunar ESB

## Velferð fyrir alla

Velferðakerfið á að jafna kjörin á milli kynslóða og létta þannig undir með ungu fólki á því æviskeiði þegar framfærslubyrði er þung við að koma sér upp húsnæði og ala upp börn. Öflugt barna-, vaxta- og húsaleigubótakerfi er því mikilvægur þáttur í þeirri jöfnun. Einnig er mikilvægt að tryggja góðan aðgang að grunnstoðum velferðarkerfisins, s.s. heilbrigðisþjónustu og skólakerfi. Húsnæðismál eru grundvallarþáttur í velferð hvarrar fjölskyldu og því nauðsynlegt að tryggja ungu fólki aðgang að góðu og öruggu húsnæði á viðráðanlegum kjörum.

## Áherslur ASÍ eru:

- Að tryggja að ungt fólk hafi, óháð efnahag, tækifæri til þess að eignast húsnæði eða eigi kost á góðu og öruggu leiguhúsnæði á viðráðanlegum kjörum
- Að skattheimta gagnvart ungu fólki taki í meira mæli mið af þungri framfærslubyrði þeirra við að koma sér upp húsnæði og ala upp börn
- Að tryggja aðgengi ungs fólks og barna þeirra að heilbrigðiskerfinu óháð efnahag
- Að ungt fólk sem hefur veikt og dottið út af vinnumarkaði og/eða skóla fái viðeigandi tækifæri til endurhæfingar
- Að tryggja öllum börnum og ungmönnum jöfn tækifæri óháð stöðu foreldra

## Helstu verkefni ASÍ eru:

- Að einfalda og efla núverandi kerfi húsaleigu- og vaxtabóta, t.d. með því að sameina húsaleigu- og vaxtabætur í eitt kerfi húsnæðisbóta, hækka bótaupphæðir og draga úr skerðingum. Jafnframt verði öryggi húsnæðisbótanna aukið þannig að ungt fólk sem tekst á hendur húsnæðisskuldbindingar til langs tíma geti gert það með vissu um að forsendum bóta verði ekki skyndilega breytt
- Að tryggja framboð á öruggu leiguhúsnæði fyrir ungt fólk á viðráðanlegum kjörum
- Að veita ungu fólki sem er að koma inn á húsnæðismarkaðinn í fyrsta skipti sérstaka aðstoð, s.s. í formi fyrstukaupastyrkja sem virka hvetjandi á sparnað

- Að dregið verði úr jaðarsköttum ungs fólks með minni tekjutengingum vaxta- og barnabóta
- Að efla barnabótakerfið. Horfið verði frá þeirri hugsun að barnabætur séu að mestu tekjutengdar og nái einungis til allra tekjulægstu hópanna
- Að tryggja öllum börnum og unglingum viðunandi aðgengi að alhliða heilbrigðisþjónustu, m.a. með því að niðurgreiða lyf og tannlækningar ásamt sjón- og heyrnatækjum
- Að vinna áfram að lækkun á gjaldtöku í leikskólum og fyrir gæslu og máltíðir í grunnskólum. Tryggja aðgengi allra barna og ungmenna að tómstundastarfi með því að auka enn frekar greiðsluþátttöku allra sveitarfélaga á þessu sviði Auka aðgengi ungs fólks, sem dottið hefur út af vinnumarkaði og/eða skóla, t.d. vegna veikinda eða uppsagna, að upplýsingum um réttindi þeirra og möguleika til endurhæfingar

## Kaup og kjör

Í kjarasamningum er samið um laun og ýmis réttindamál, s.s. orlofs-, veikinda- og slysarétt. Laun og réttindi aukast oftast með líf- eða starfsaldri. Í kjarasamningum síðustu ára hefur verið lögð áhersla á að koma til móts við yngra fólk á vinnumarkaði með því að hækka byrjunartaxta sérstaklega og flýta réttindaávinnslu. Mikilvægt er að halda áfram á þeirri braut að flýta réttindaávinnslu ungs fólk í kjarasamningum en jafnframt er nauðsynlegt að nýta velferðarkerfið til að jafna betur kjör og réttindi á vinnumarkaði. Einnig þarf að halda áfram umræðunni um samspil almannatryggingakerfisins og lífeyrissjóðanna og hver verk- og kostnaðarskipting á milli þeirra skuli vera.

## Áherslur ASÍ eru:

- Að leggja sérstaka áherslu á hækkingu byrjunartaxta (lægstu launa) og standa vörð um launajafnrétti hjá ungu fólk
- Að koma í veg fyrir skerðingu á réttindaávinnslu ungs fólks í lífeyris- og tryggingarmálum vegna hreyfanleika milli starfsgreina
- Að minnka skerðingar ungs fólks vegna tekjutengingar örorkubóta og almannatrygginga
- Að tryggja að velferðakerfið veiti ungu fólk sem lendir í skakkaföllum, áður en viðunandi réttindaávinnslu er náð á vinnumarkaði, ásættanlegan stuðning

## Helstu verkefni ASÍ eru:

- Að réttur til framreiknings í örorku miðist við samfellda greiðslu í lífeyrissjóð eða sjóða á grundvelli kjarasamninga
- Að endurskoða tekjutengingar milli almannatrygginga og lífeyrissjóða
- Að auðvelda ungu fólk ávinnslu veikindaréttar með því að stefna að ríkari sjóðsmyndun veikindaréttar í stað ávinnslu hjá atvinnurekanda
- Að auðvelda ungu fólk ávinnslu orlofsréttinda óháð starfsaldri hjá atvinnurekanda

## Vinumarkaðs- og atvinnumál

Fyrir ungt fólk skiptir miklu að geta gengið að góðum og áhugaverðum störfum sem tryggja fjárhagslegt öryggi fjölskyldunnar. Hóflegur vinnutími og gott vinnuumhverfi er ekki síður mikilvægt þegar ungar fjölskyldur eru að koma undir sig fótunum og ala upp börn. Það eru mikilvægir hagsmunir í því fólgir fyrir einstaklinginn, atvinnulífið og samfélagið að allir hafi atvinnu og séu virkir þátttakendur á vinnumarkaði. Í velferðarsamfélagi eiga allir að njóta lífsgæða. Mikilvægur þáttur í því sambandi lýtur að umgjörð vinnunnar. Markmið okkar er að allir eigi kost á góðum störfum, búi við góðar vinnuaðstæður, hóflegan vinnutíma og líði vel í vinnunni. Gera verður ungu fólki kleift að skapa jafnvægi á milli atvinnuþátttöku og einkalífs. Mikilvægt er að vinnumarkaðurinn taki vel á móti ungu fólki sem er að kynna atvinnulífinu og fái tækifæri til að eflast og þroskast og skapa sér framtíð án hindrana.

### Áherslur ASÍ eru:

- Að vinna, skipulag vinnunnar og vinnuumhverfi taki mið af þörfum og hagsmunum starfsmanna
- Að löggjöf og stofnanir ásamt virku innra starfi í fyrirtækjum tryggi ungu fólki vinnuaðstæður eins og best gerist annars staðar
- Að ungt fólk sé verndað gegn starfstengdri streitu, einelti og ofbeldi á vinnustað og þeim afleiðingum sem slíku fylgir
- Að öflugt velferðarkerfi á vinnumarkaði og virkar vinnumarkaðsaðgerðir styðji við ungt fólk og aðstoði það við að vera virkir þátttakendur í atvinnulífinu
- Að ungt fólk kynnist vinnumarkaðinum, samskiptum, samstarfi og vinnustaðamenningu til að gera „lífið í vinnunni“ betra og innihaldsríkara
- Að styrkja stöðu landshlutakjarnanna, þ.e. þess byggðarkjarna innan landshluta sem hefur mest aðdráttarafl fyrir ungt fólk, bestu möguleikana til uppbyggingu atvinnulífs, skóla og menningarlífs

- Að stuðla að hagstæðu umhverfi fyrir vöxt skapandi atvinnugreina, þar sem nýsköpun, öflug upplýsingatækni, menningarstarfsemi og fjárfestar mætast og ný starfsemi vex fram
- Að virkja endurnýjunarkraft rótgróinna atvinnugreina, eins og landbúnaðar og sjávarútvegs

## Helstu verkefni ASÍ eru:

- Að efla vitund og skilning ungs fólks á þeim möguleikum sem eru til að hafa áhrif á vinnuna, vinnuumhverfið og vinnustaðinn. Ungt fólk sé hvatt til þess að eiga frumkvæði og leggja sitt af mörkum á þessu sviði
- Að vinna í samstarfi við samtök atvinnurekenda og stjórnvöld að treysta velferðarkerfið á vinnumarkaði og tryggja framboð á virkum vinnumarkaðsaðgerðum sem gagnast ungu fólki
- Að standa fyrir upplýstri umræðu um framhaldslíf rótgróinna atvinnugreina, t.d. matvælaíðnaðar á grundvelli ímyndar, hreinleika og hollustu. Einnig er nauðsynlegt að opna slíkar atvinnugreinar fyrir kraftmiklu og hugmyndaríku ungu fólki
- Að taka virkan þátt í sköpun nýrrar þekkingar þar sem upplýsingatækni, menningarstarfsemi og afþreying mætast



## Horft inn á við

Verkalýðshreyfingarinnar bíður það ögrandi hlutverk að efla þekkingu ungs fólks á starfsemi stéttarféлага og gera það meðvitað um réttindi sín. Markmiðið er að allt ungt fólk á vinnumarkaði sjái sér hag í því að vera í stéttarfélagi. Það þarf að hlusta á þarfir ungs fólks og tryggja að sjónarmið þess komist til skila í stefnumótun og ákvarðanatöku innan hreyfingarinnar. Skref í þá átt væri stofnun ungliðahreyfingar innan ASÍ að norrænni fyrirmynd. Verkalýðshreyfingin hefur náð ótvíræðum árangri í réttindabaráttu sinni og þarf að vekja ungt fólk til umhugsunar um þau lífsgæði sem hreyfingin hefur skapað í íslensku samfélagi. Miklar og örar samfélagsbreytingar kalla á ný verkefni og nýjar leiðir samhliða því að standa vörð um og efla þau réttindi sem þegar hafa áunnist. Verkalýðshreyfingin á að vera þátttakandi í því að styrkja og efla ungt fólk til sjálfsbjargar.

## Áherslur ASÍ eru:

- Að allt ungt fólk á vinnumarkaði sé í stéttarfélagum og njóti réttinda og þjónustu sem því fylgir
- Að vekja athygli á og miðla til ungs fólks upplýsingum um réttindi þess og skyldur á vinnumarkaði og efla vitund ungs fólks um mikilvægi aðildar að stéttarfélagi
- Að efla upplýsingaflæði til ungs fólks um verkalýðshreyfinguna
- Að virkja krafta ungs fólks til starfa í verkalýðshreyfingunni
- Að gera verkalýðshreyfinguna áhugaverða fyrir ungt fólk
- Að hlusta á viðhorf og þarfir unga fólksins
- Að tryggja að sjónarmið ungs fólks komi fram í stefnumótun og ákvarðanatöku

## Helstu verkefni ASÍ eru:

- Að efla þekkingu ungs fólks á starfsemi stéttarféлага til að gera það meðvitað um réttindi sín þannig að það hafi forsendur til að fylgja eftir að lög og reglur í umhverfi vinnunnar og á vinnustaðnum séu virtar í framkvæmd

- Að afla og miðla upplýsingum til aðildarfélaganna um stöðu og þróun í málefnum ungs fólks á alþjóðavettvangi í gegnum alþjóðlega hreyfingu launafólks og í samstarfi við stjórnvöld, menntastofnanir og samtök atvinnurekenda
- Að taka til umfjöllunar hugmynd um stofnun ungliðahreyfingar innan ASÍ að norrænni fyrirmynd sem væri miðstjórn til ráðgjafar um málefni ungs fólks
- Að vinna undirsíðu á heimasíðu ASÍ ætlaða ungu fólki þar sem réttindamál og ýmsar hagnýtar upplýsingar eru settar fram á frísklegan og skemmtilegan máta
- Að taka til umfjöllunar að unnið verði að samstarfssamningi milli stéttarféлага sem gerir ungu fólki auðveldara að samnýta réttindi sín í mismunandi stéttarfélögum